

Kæru nemendur, foreldrar og samstarfsfólk

Þá er komið að þeim árlega viðburði að slíta skólaári og kveðja það. Þegar ég horfi til baka finnst mér veturinn hafa verið langur en samt svo ótrúlega fljótur að líða. Og allt í einu er komið vor, eiginlega sumar og þið á leiðinni í langþráð frí.

Það hefur verið brallað margt í vetur í skólanum. Þið nemendur hafið stundað námið af kappi, miðstigið dvalið á verndarsvæðinu af og til, leyst lífsgátuna og orðið mikils vísari varðandi náttúruna og umhverfið í kring um sig. Unglingastigið hefur farið út og suður, tók þátt í Skólahreysti á Akureyri í apríl og enduðu svo þetta skólár á að ganga um óbyggðir þar sem fólkíð ýmist brann í sólinni eða fékk hælsæri af þramminu.

Unglingastigið fór þetta ferðalag með Náttúruskólanum og að ferðalaginu loknu fékk ég póst með þessum orðum

„Unglingarnir ykkar stóðu sig frábærlega, voru alla jafna dugleg, jákvæð og tilbúin í það sem að höndum þar, unnu vel saman og áttu falleg og góð samskipti, kunnu að meta náttúrufegurð og voru athugul á það sem fyrir augu þar. Þið megið sannarlega vera stolt af þessum hópi og það er alveg klárt að útikennslan ykkar er þeim dýrmætt veganesti“

Ég þarf ekki að segja ykkur hvað ég var stolt og ánægð þegar ég las þetta. Ekki það að ég hafi ekki átt vona á svona umsögn um unglingastigið okkar en engu að síður svo gaman að heyra það frá öðrum. Og þetta er einmitt lýsing á þeim eiginleikum sem við viljum að nemendur í Fellaskóla hafi og öðlist á skólagöngu sinni þessi 10 ár sem þið eruð hér – þrautseigja og dugnaður, jákvæðni og forvitni, samvinna og samkennd, athygli og áhugi fyrir umhverfinu, náttúrunni og jörðinni okkar allra.

Grunnurinn að því hvernig þið nemendur góðu í Fellaskóla temjið ykkur að læra og haga ykkur í skólanum er lagður á yngsta stigi. Því lengi býr að fyrstu gerð.

Á yngsta stigi hefur námið verið skipulag með áherslum á að valdefla nemendur sem þýðir að þið krakkar hafið haft meira val um hvernig þið lærið og hvernig þið sýnið það sem þið hafið lært eða uppgötvað í vetur í lotuverkefnum s.s. í áhugsviðslotunni þar sem við svo fengum að sjá á árshátíðinni í apríl þegar þið komuð fram með skemmtiatriði sem sýndi áhugasviðið ykkar. Sumir sýndu fimleika og hundakunstir en aðrir trilluðu inn á sviðið á hjólunum sínum.

Það er ákaflega mikilvægt að hafa áhuga og vera forvitinn. Og það eru eiginleikar sem við viljum allra helst sjá hjá öllum börnum. Þess vegna reynum við að skipuleggja námið með það í huga að það vekir áhuga sem flestra og byggja það á áhugahvöt.

Það fylgir því ábyrgð að fá að velja hvað maður lærir og hvernig og einn helsti ávinningurinn af því ferðalagi er að þannig öðlist þið þekkingu á ykkar eigin getu, kunnáttu, tilfinningum og skoðunum. Og það verður vonandi til þess að þið öðlist betri skilning á ykkur sjálfum, löngunum ykkar og þrá.

Í vetur hlustaði ég á viðtal við 12 ára gamla stelpu, Garima Nitinkumara sem varð Íslandsmeistari í tennis. Hún var minni en þeir sem hún var að keppa við en yfirburðir hennar lágu í því að hún var meðvituð um tilfinningar sínar, hegðun, styrkleika og markmið. Öll hennar spilamennska var úthugsuð og hún var útsjónarsöm. Markmið Garima er að verða best í heimi í tennis. Þannig var Íslandsmeistaratitillinn aðeins ein varða að mörgum á leiðinni að því að verða best í heimi. Og eflaust á hún langa leið fyrir höndum að því markmiði – margar æfingar og mikil þrautseigja.

Þið getið öll sett ykkur markmið um að verða best í heimi – vonandi í einhverju sem skiptir ykkur máli og hefur góð áhrif á veröldina.

Á miðstig hefur verið lögð áhersla á að læra um náttúruna í útinámi – þar er mikið spjallað saman og málin krufin til mergjar með munnlegum vangaveltum og spekulasjónum. Við vitum nefnilega að það þarf ekki alltaf að skrifa ritgerð um allt né endilega skrifa í bók – við getum allt eins komist að niðurstöðu um allt mögulegt með samræðum. Og þannig var það einmitt með atriðið þeirra á árshátíðinni í vetur – þau veltu því fyrir sér hver gæti haft áhrif á heiminn til góðs og þegar þau höfðu nefnt þá skrautlegu flóru persóna sem þeim datt í hug ræddu þau áfram um með hvaða hætti þetta fólk gæti haft góð áhrif. Og þannig héldu þau áfram að spinna þar til heilsteypt leikrit var fætt.

Og svona mætti lengi telja upp allt sem nemendur skólans hafa brallað í vetur en þar sem við ætlum ekki að eyða sumrinu hérna læt ég þetta duga að sinni.

Í Fellaskóla leggjum við áherslu á útinám, góð samskipti og samræðu og erum að tileinka okkur leiðsegjandi nám þar sem drifkrafturinn okkar er áhugahvöt nemenda og kennara. Og ég vona að þið finnið fyrir og séuð meðvituð um þessar áherslur.

Það verða ekki miklar breytingar hjá okkur á næsta skólaári – Fellaskóli er svo lánsamur að hafa lengi sama starfsfólkið.

Harpa Rós verður umsjónarkennari í 1. bekk

Michelle, Gulla og Freyja Kristjánsdóttir nýráðin kennari við Fellaskóla, verða umsjónarkennarar með 2. – 4. bekk en þeim árgöngum munum við skipta upp í þrjá mismunandi hópa. Þar stígum við skrefið lengra en á þessu skólaári og aukum val og ábyrgð nemenda til muna í takt við áherslur leiðsagnarnáms.

Á miðstigi verða þau Áslaug, Halla og Þórður. Þar verður 5., 6., og 7. bekk skipt upp í tvo umsjónarhópa þvert á árganga.

Á unglíngastigi verða Einar, Jóhann og Sólrún og þar verður nemendum einnig skipt upp í tvo umsjónarhópa þvert á árganga.

Þórhalla, Þoddi og Gulla koma til með að kenna list- og verkgreinar og Hjördís Marta sund.

Áfram verða Ditta, Elsa, Elke, Stína, Kristín, Harpa Hlín, Anna og Ásta Vala á sínum stað og líka ég og Helena Rós.

Myrra Mjöll fer í barneignarleyfi og Guðný Drífa ætlar að taka sér ársleyfi og prófa nýtt starf. En ég er viss um að þær koma báðar til baka eftir þetta ár.

Um leið og ég segi þessu skólaári slitið þakka ég ykkur öllum fyrir samveruna og samstarfið á þessu skólaári, hlakka til að hitta ykkur aftur í haust og óska ykkur gleðislegs sumars.

Nú hittið þið nemendur umsjónarkennara ykkar, takið við vitnisburðinum og kveðjið þá.